

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 4. apríl 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Byggðakvóti.

Fyrir fundinum lágu umsóknir um byggðakvóta frá útgerðaraðilum skv. auglýsingu sem sett var upp í janúar og send útgerðaraðilum á Skagaströnd. Jensína lýsti vanhæfi sínu til að afgreiða umsóknir vegna vensla við einn umsækjanda og tók ekki þátt í umfjöllun um málið.

Mikil umræða varð um byggðakvóta og úthlutun hans. Niðurstaða fundarins var að fresta afgreiðslu byggðakvótans og óska álits ráðuneytisins á ákveðnum álitamálum um úthlutun og túlkun þeirra reglna sem um hann gilda.

2. Vínveitingaleyfi fyrir Fellsborg

Fyrir fundinum lá umsókn um vínveitingaleyfi fyrir Fellsborg. Sótt er um vínveitingaleyfi fyrir Árna Geir Ingvarsson kt. 230163-4649 sem rekstraraðila og umsjónarmanns félagsheimilisins.

Samþykkt að veita umsækjanda leyfi til almennra áfengisveitinga og að leyfið gildi í tvö ár, til 1. apríl 2008.

3. Skipulag almannavarna í A-Hún.

Fyrir fundinum lá endurrit úr fundargerðarbók almannavarnanefndar Húnavatnssýslna 15. mars 2006.

Einnig lágu fyrir fundinum eftirfarandi gögn:

- a) Greinargerð um almannavarnarnefnd, aðgerðarstjórn og vettvangsstjórnir.
- b) Tillaga að skipan almannavarnarnefndar og aðgerðarstjórnar Húnavatnssýslna.
- c) Tillaga að almannavarnaskipulagi fyrir Húnavatnssýslur.

Fyrrgreind fundargerð og fylgiefni hennar voru til kynningar í hreppsnefnd en samþykkt að fela sveitarstjóra að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri við sýslumannsembættið.

4. Bréf:

a) Heilbrigðiseftirlits dags. 9. febrúar 2006 og 20. mars 2006

Í bréfi dags. 9. febrúar er gerð grein fyrir útreikningi heilbrigðiseftirlitsgjalda fyrir árið 2006. Þar kemur fram að kostnaður sem sveitarfélögin bera er 6,7 milljónir og hlutur Höfðahrepps í rekstri eftirlitsins verður rúm 400 þús.

Í bréfi dags. 20. mars er gerð grein fyrir uppgjöri heilbrigðiseftirlitsgjalda 2005 og þar kemur fram að vegna hagstæðari reksturs verður kostnaður ekki jafn mikill og reiknað var með við álagningu gjalda.

Bréfin voru til kynningar.

b) SSNV um ársþing dags. 23. mars 2006

Með bréfinu er tilkynnt um að ársþing SSNV verði haldið 25. og 26. ágúst 2006 í Húnaþingi vestra.

Bréfið var til kynningar.

c) Umhverfisstofnunar dags. 28. febrúar 2006

Með bréfinu eru veittar upplýsingar sem varða eftirlit á leiksvæðum s.s. á skólalóðum, gæsluvöllum og opnum leiksvæðum.

Bréfið var til kynningar.

d) Impru nýsköpunarmiðstöðvar dags. 10. febrúar 2006

Með bréfinu er kynnt að tæplega 70 konur luku námskeiðinu Brautargengi sem Impru hefur staðið fyrir.

Bréfið var til kynningar.

e) Hestamannafélagsins Snarfara, dags. 22. mars 2006

Með bréfinu er leitað eftir 300 þús. kr. styrk frá sveitarfélaginu til gerðar reiðveggar um Hólaflóa.

Erindið var samþykkt.

5. Fundargerðir:

a) Húsnæðisnefndar, 2. febrúar 2006

Fundargerðin var samþykkt.

b) Leikskólanefndar, 8. mars 2006

Fundargerðin var samþykkt.

c) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 14. mars 2006

Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar SSNV, 14. febrúar 2006

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál.

a) Oddviti greindi frá fundi sem hann og sveitarstjóri áttu með nokkrum þingmönnum kjördæmisins ásamt fulltrúum héraðsnefndar og bæjarstjórnar Blönduóss 3. apríl sl. Þar voru málefni svæðisins var til umfjöllunar.

b) Umræður urðu um ýmis mál m.a. færslu opinberra starfa til þéttbýlisstaðanna í Húnavatnssýslum.

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

- c) Jensína vakti máls á akstri framhaldsskólanema í fjölbrautarskólann á Sauðárkróki. Samþykkt að hvetja til þess að gerð verði könnun á möguleikum til að taka upp daglegan akstur úr A-Hún í FNV.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁰⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gígja Óskarsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)